

Mánudaginn 20. dag febrúarmán.

Nr. 69/1910:

Réttvísinn
gegn

Jónasi H. Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 22. okt. f. á., var hinn ákærði, trésmiður Jónas Hannes Jónsson, dæmdur fyrir brot gegn 149. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Máli þessu hefir síðan af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Sakarefni er þannig varið, að hinn 16. júní f. ár var ákærði leiddur sem vitni í máli milli Björns Jónssonar ráðherra og Jóns Ólafssonar ritstjóra, og var þá lögð fyrir hann svofeld spurning: »Kastaði vitnið sandi eða ösku eða því um líku framan í fólk, sem stóð fram undan tröppunum (3: á ráðaherrahúsinu)«?, en í málinu var verið að leita skýrslna um það, hvað gjörst hafði á Lækjartorgsfundinum svo kallaða 28. nóvbr. 1909, og þar á eftir suður við ráðherrabústaðinn. Ofanritaðri spurningu svaraði ákærði með nei-i, og vann síðan í réttinum eið að framburði sínum. En með því að þessi framburður ákærða þótti grunsamlegur, og hann virtist koma í bága við aðrar skýrslur, er fengnar voru um áminnst atvik, var lögregluréttarrannsókn hafin gegn honum, og kannaðist hann þá við það, að hann hafi við umrætt tækifæri kastað muldu »Allehaande« í kramarahúsi lokuðu af tröppum ráðherrahússins á nafngreindan mann; hafi kramarahúsið komið á öxlina eða handlegginn á mannum og sprungið þar, og hafi þá »Allehaand«-ið dreifst eitthvað á þá, sem

næstir stóðu. Skýrslu þessa gaf ákærði undirdómaranum ótilkvaddur, eftir að hann hafði frétt um skýrslu annars manns, er var ósamhljóða svari ákærða, og honum hafði borist orðasveimur út af því. — Ákærði þykist hafa mátt svara spurningunni eins og hann gerði, af því hann hafi ekki kastað sandi eða ösku eða því um líku, heldur Allehaande, og af því að hann hafi kastað kramarahúsinu í ákveðinn mann en eigi framan í fólk. En ákærði átti að sjá það, að er hann svaraði spurningunni neitandi án frekari skýringa, þá duldi hann það, er hann vissi að gat upplýst málið, sem sé að hann kastaði muldu »Allehaande« í mann einn fyrir neðan eða við ráðherrahúss-tröppurnar, og að af þessu stafaði dustið, sem kom á fólk, og átt var við í spurningunni. Þó að ákærði fyrir því eigi verði dæmdur beint fyrir falsvitni, þá hefir hann þó gefið ófullkomna og því villandi eða ranga skýrslu fyrir rétti, og verður að álíta það rétt, að undirdómurinn hefir heimfært þetta atferli hans undir 149. grein hegningarláganna, en refsinguna fyrir það virðist mega ákveða 14 daga einfalt fangelsi; fyrirmæli dómsins um málskostnað samþykkjast. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jónas Hannes Jónsson sæti 14 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hann og allan áfrýjunar-

kostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálfutningsmannanna Eggerts Claessen og Magnúsar Sigurðssonar, 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. dag febrúarmán.

Nr. 54/1910:

Þorsteinn Gíslason ritstjóri
gegn

Birni Kristjánssyni og

Birni Sigurðssyni bankastjórum.

D ó m u r:

Mál þetta höfðu hinir stefndu bankastjórar Landsbanka Íslands fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfryjandnum, ritstjóra blaðsins Lögréttu, fyrir meiðyrði í grein einni með höfundarmerki »G« í 26. tölublaði V. árgangs blaðsins, er út kom 25. maí f. á., en yfirskrift greinarinnar er »Reikningur Landsbankans«. Var málið dæmt í téðum rétti 18. ág. f. á., með þeim úrslitum, að áfryjandinn skyldi samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga greiða sekt til landssjóðs 80 krónur, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 12 daga, og hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi og áfryjandi greiða stefndu í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. sept. f. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og hann algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda, eða til vara, að sektin verði færð